

FYLGISKJAL NR. 3002

DAGS 13.11.2003

SAMANTEKT:

Hér kemur áhugaverð umfjöllun um erfðafestu sbr. það sem var á Hulduhólum áður en gengið var frá lóðaleigusamningi við Steinunni Marteinsdóttur árið 1990.

Bent er á það í fylgiskjali nr. 1012, þ.e. í álitum Lex lögmannsstofu, að um lóðaleigusamning sé að ræða en ekki erfðafestu. Hún féll úr gildi við tilkomu lóðaleigusamningsins árið 1990 og var það ætlun Mosfellsbæjar skv. samkomulagi þar um að bæta fyrir það með sérstakri yfirlýsingu og framsali lóða og réttinda sem telja að hafi verið rausnarleg sbr. fylgiskjal nr. 1064.

Rétt er að þetta sé haft til hliðsjónar með vísan í fylgiskjal 4001 þar sem fram kemur í afsali til Sverris Haraldssonar og Knúts Bruun að um erfðafestu er að ræða. Henni lýkur með lóðaleigusamningnum er Steinunn Marteinsdóttir gerði árið 1990 eins og að framan greinir. Sambærilegir samningar voru gerðir við aðra í Mosfellsbæ á svipuðum tíma.

